



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Starfsáætlun Grænuborgar

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

---

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat Dropadeildar, yngsta deild Grænuborgar .....	6
3 Innra mat Mánadeildar, næstýngsta deild Grænuborgar .....	9
4 Innra mat Stjörnudeildar, næstelsta deild Grænuborgar.....	11
5 Innra mat Sólskinsdeildar, elsta deild Grænuborgar.....	14
6 Ytra mat .....	16
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
9 Foreldrasamvinna.....	21
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	21
11 Fylgigögn.....	22

## Leiðarljós leikskólans:

Í leikskólanum Græ nuborg er lögð áhersla á að skapa góðar og öruggar leik- og námsaðstæður þar sem öllum líður vel í. Gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, virðing - gleði – vinsemd – umhyggja.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018 – 2019 einkenndist af gleði, leik og samvinnu, líkt og önnur leikskólaár í Græ nuborg.

Á skólaárinu 2018 – 2019 hafa börnin fengist við ýmiskonar verkefni eftir aldri þeirra og þroska og eftir árstíma. Það voru 70 – 75 börn í Græ nuborg á árinu. 1. febrúar 2019 voru 72 börn í skólanum, sem voru fædd frá janúar 2013 til apríl 2017, 34 stúlkur og 38 drengir. Flest barnanna voru í 8,5 stunda vistun eða 37,5%, 29,2% voru í 8 stunda vistun, 25% voru í 9 stunda vistun, 4,2% voru í 7,5 stunda vistun, 2,8% voru í 6 stunda vistun og 1,3% voru í 5 stunda vistun. Miðað við skólaárið á undan þá lengist vistunartími barnanna, þá voru flest barnanna í 8 stunda vistun eða 44,2% þeirra og aðeins 18% þeirra voru í 9 stunda vistun.

Á sama tíma störfuðu 22 í Græ nuborg í rúmlega 16 stöðugildum auk sérkennslu. Fimmtán manns voru í 100% starfi, aðrir í 56 – 95% eða tímavinnu. Stór hópur starfsmanna hefur verið í hlutastarfi, óvenjulega margir miðað við undanfarin ár, en vegna þessa voru fleiri sem störfuð við skólann og kallaði það á gott skipulag. Tekin var ákvörðun um að í stað þess að hafa veikindaafleysingu og undirbúningsafleysing lausa starfsmenn, voru þessar stöðum deilt niður á deildir, þannig að það voru 3,4 – 4 stöður á hverri deild. Þetta reyndist vel og mun sami háttur vera hafður á næsta skólaár. Tveir starfsmenn hættu í leikskólanum í janúar og þrír í maí, þannig að nýtt fólk var að koma inn á miðju skólaári sem alltaf setur smá rót á starfið, börn og starfsfólk, en gekk þó mjög vel í það heila.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega, en því miður þurfti af og til að fella þá niður vegna veikinda eða annarra forfalla starfsfólks eða ferða/viðburða í skólanum. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfsdögum. Samkvæmt deildarstjórum féllu deildarfundir þó nokkuð niður vegna ýmissa anna, það er því miður ekki til tölfræði um það. Auk þess fengu deildarstjórar ekki alltaf allan sinn undirbúningstíma. Það hefur þó ekki verið tekin saman tölfræði um það. Munum við gera betur næsta skólaár og hafa betri skráningu á þessu til að sjá hvort að það sé hægt að bæta þennan þátt á einhvern hátt.

Leikskólanum var lokað í sjö skipti vegna samstarfsdaga. Fimm samstarfsdagar voru heilir dagar en aðrir dagar voru hálfir, þá var lokað eftir hádegi. Dagarnir voru nýttir í ýmis skipulagsmál, ýmist innan skólans

alls eða innan deilda. Þeir voru einnig nýttir fyrir starfsmanna- og deildafundi, unnið var með grunnþætti menntunnar og námssvið leikskóla, hugað var að leikefni skólans, innra starf skoðað, bókasafn skólans endurflokkað og raðað og margt fleira gert. Á einum samstarfsdegi fór allt starfsfólk skólans á ráðstefnu á vegum Skóla- og frístundasviðs. Annar samstarfsdagur var nýttur í námsferð til Brighton, Englandi, þar sem skoðaðir voru þrír mismunandi skólar.

Foreldrum var formlega boðið nokkrum sinnum í heimsókn í leikskólann, til dæmis á foreldrafund að hausti, í piparkökukaffi fyrir jólin, í páskaeggjaleit í dymbilvikunni, á opið hús í maí og fengu þau líka boð um að koma með í sveitaferð ef þau hefðu tækifæri til. Almennt er mikil þátttaka foreldra á þessum dögum.

Fyrir utan hefðbundið starf leikskólans má meðal annars nefna að haldið var þorablót í salnum í janúar, boðið upp á leiksýningu í desember, farið í leikhús í september, nóvember og í apríl, farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, börn héldu tónleika í salnum í desember, farið á kaffihús í desember, hluti baranna fóru á barnamenningarhátíð og margt fleira. Krakkahestar komu með hesta í heimsókn þannig að öll börn í leikskólanum fengu tækifæri til að fara á hestbak í garðinum, á degi leikskólans var búin til keðja til að faðma leikskólann, við fengum heimsókn frá skapandi sumarstarfi frá Hinu húsinu, farið var í sveitaferð, fyrsta föstudag í hverjum mánuði var eitthvað sérstakt þema – t.d. leikfangadagur, mislitir sokkar dagur, búningadagur og margt fleira. Vinaleikskólinn okkar í Mosfellsbæ, Hlaðhamrar, komu í heimsókn með elstu börnin. Elstu börnin í skólanum tóku léku í þáttagerð sem Sagafilm vinnur að, Ráðherrann.

Á árinu var aðeins unnið að endurbótum á húsnæðinu, má þar nefna málningu á nokkrum veggjum innan skólanum, til stendur að skipta um hluta af dúk í eldri hluta skólans sumar 2019 (dúkur frá 1983). Sett var upp ný sérkennsluaðstaða með því að skerma af svæði með nýjum skilrúmum. Borið var í þakskegg og gluggalista að utan. Barnavinafélagið Sumargjöf gaf skólanum nýja mold í matjurtagarðinn. Stólar fyrir börn á tveimur deildum voru endurnýjaðir.

Einn starfsmaður og einn deildarstjóri af elstu deild hafa verið að taka þátt í verkefni doktorsnema úr menntavísindasviði, Friðborgar Jónsdóttir, sem er að vinna með jákvæðan flutningi barna með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn úr leikskóla í grunnskóla. Kennarar yngstu barn í Austurbæjarskóla taka einnig þátt í verkefninu. Í sambandi við það hafa sömu aðilar frá Græ nuborg tekið þátt í Erasmus verkefni á vegum Menntavísindasviðs – Jóhönnu Einarsdóttir, með skólafólki frá Króatíu, Írlandi, Svíþjóð og Íslandi um tengsl og samfellu á milli leik- og grunnskóla. Þetta verkefni muna halda áfarm á komandi ári.

Það var einn nemi úr Háskóla Íslands af menntavísindasviði í Græ nuborg á líðandi skólaári. Neminn var á Sólskinsdeild í febrúar og mars 2019. Auk þess var hjá okkur nemi, stúlka frá Þýskalandi sem var í skiptinámi á Íslandi við HÍ, kom var í Græ nuborg nokkra tíma á viku til að ná betri tókum á íslensku.

Á líðandi skólaári var unnið að ýmsum verklagsreglum eða áætlunum, sem dæmi má áhættumat vegna nýrra persónuverndarlaga, gerð vinnsluskrá vegna nýrra persónuverndarlaga, gert var ný jafnréttisáætlun, sett saman verklagsbók vegna óska um það frá SFS (ákveðnar verklagsreglur sem SFS vill hafa í hverjum leikskóla), hugað að áætlunum vegna sérkennslu og tvítýngi, o.m.fl.

Við fengum eftirtalda erlenda gesti í heimsókn í skólann. Einn kom frá Ástralíu sem vildi kynnst leiksólstarfi á Íslandi og bera það saman við það Ástralska, sá gestur rak sína eigin leikskóla í Ástralíu. Annar kom frá Japan, sem vildi sjá hvað verið væri að gera í leikskólanum og taka þá þekkingu með sér út til Japan, en sá gestur rak afþreyingaþjónustu fyrir börn á leikskólaaldri í Japan. Svo kom gestur frá Hollandi, myndlistakennari, sá gestur var að skoða jafnréttismál, hvað er verið að gera í Íslenska skólakerfinu sem gerir það að verkum að Ísland skorar svo hátt í alþjóðlegum mælingum í jafnréttismálum.

Loka þurfti deildum vegna skorts á starfsfólki alls tvisvar sinnum á skólaárinu kl. 12, tvær deildir lokuðu því einu sinni. Þegar þetta var gert vantaði um það 35 – 45% starfsmanna vegna veikinda þeirra eigin eða barnanna þeirra, sumarleyfa eða annars.

Mikill leiði varð í vetur þegar skólinn þurfti að hætta að nota Instagram vegna nýju persónuverndarlaganna. Instagram hafði verið notað til að miðla leik og starfi barnanna til foreldra jafnóðum. Ekki hefur verið fundin ný leið til að koma í staðin fyrir þetta, en vonandi kemur eitthvað sem hægt er að nota og er einfalt og öruggt.

Skólstarfið var metið á ýmsan hátt á árinu, innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum. Var þá verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atriði sem og þætti sem náðu til lengri tíma. Almennt tók allt starfsfólk þátt í þannig mati.

Demantamat var lagt fyrir börn tveggja elstu deilda í lok árs, þar sem skoðað var hvað höfðaði mest til þeirra.

Ytra mat fór fram á vegnum borgarinnar bæði fyrir starfsfólk og foreldra viðhorfskannanir á árinu.

Hver deild fyrir sig hefur sett upp ákveðna úrbótaþætti sem unnið verður að á komandi ári, sjá nánar í innra mati fyrir hverja deild. Skólinn allur mun auk þess hafa ákveðna umbótaþætti til að vinna

sameiginlega að. Þar má nefna upplýsingatækni og margmiðlun, líkt og á seinasta skólaári. Sú vinna fór aðeins af stað á líðandi skólaári og gekk mjög vel og áhugi er á að halda því áfram og sótt hefur verið um að fá vísindatösku frá SFS vegna þess, svar hefur ekki borist.

Haldið verður áfram að rýna í leik barnanna, úrbótaráttur sem hefur verið í vinnslu undanfarið og mun halda áfram – er hann á forsendum barnanna og hvernig er aðgengi þeirra að efniviðnum. Sú vinna hefur verið í gangi á líðandi skólaári og gegnið mjög vel og mikið hugað á frjálsu flæði barnanna og að þau hafi sjálf áhrif á það hvað er í boði og hvað þau vilja gera og er skólinn þar með að vinna með lýðræði í skólastarfi, aðkoma barnanna að því hvernig leikskólastarfið er. Við viljum að virðing og metnaður sé sjáanlegur í öllu leikskólastarfinu.

Grænaborg mun vinna að nýrri með nýja menntastefnu Reykjavíkur. Vegna þessa sótti skólinn um styrk í A hluta þróunarsjóðs vegna innleiðingar nýrrar menntastefnu. Sótt var um til að vinna með félagsfærni, með virkni barna og þátttöku þeirra. Skólinn fékk þann styrk og mun vinna vegna þess hefjast sumar 2019 og unnið með það fram á sumar 2020. Auk þess sótti skólinn um í B hluta sama sjóðs, ásamt Austurbæjarskóla og menntavísindasviði. Skólinn fékk ekki þann styrk.

Á skólaárinu verður haldið áfram í að rýna í álag, hvað er það og hvað getum við gert til að minnka það. Eitt af því sem gert var á líðandi skólaári var að vinna að því að fækka börnum í skólanum þannig að barnafjöldinn færi ekki yfir 75 börn á hverjum tíma. Það kom afar vel út og samkvæmt mati á því kom það út sem minna álag. Hægt er að sjá að á vorönn 2019 hefur til að mynda dregið verulega úr veikindafjarvistum starfsmanna sem ef til vill má rekja til þess að barnahópurinn var minnkaður og ef til vill líka vegna þess að á flestum tímum voru fleira starfsfólk á hverri deild, samanber því sem sagt var frá hér að ofan um dreifingu á afleysingarstarfsfólki.

Við munum rýna í samvinnu innan skólans, á milli deilda. Það var einnig gert á líðandi skólaári, útkoman var aðallega sú að ekki var mikið svigrúm til þess í amstri dagsins, hver deild er mjög upptekin af því sem hún er að fást við á hverjum tíma, fyrir utan að miðla reynslu og efni á milli deilda. Það er ennþá áhugi á því í starfsmannahópnum að sjá hvort hægt sé að auka samvinnuna enn meira, þannig að við ætlum að hafa það ennþá uppi á borðinu.

## **2 Innra mat Dropadeildar, yngsta deild Grænuborgar**

Starfið á Dropadeild veturinn 2018-2019 var að mörgu leiti mjög krefjandi, nýr deildarstjóri tók við og nýtt starfsfólk var á deildinni. Það tók sinn tíma að bæði læra á nýja deild, kenna nýju starfsfólki og aðlagga ný börn en allt gekk ótrúlega vel og sést það vel á ánægðum börnum og foreldrum. Starfið gekk

vel og má þá þakka mjög góðu og samrýmdu starfsfólki. Deildarstjóri útbjó handbók um verkskipulag Dropadeildar og með öllum reglum skólans sem var vel lesið og nýtt í starfi, einnig var dagskipulag fyrir starfsfólk sem virkaði vel og allir vissu hverju þeir áttu að sinna á hverjum degi. Megináherslur nýs deildarstjóra Dropadeildar fyrir 2018 – 2019 voru eftirfarandi.

- Að skapa fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi starf með það að leiðarljósi að börnin öðluðust, sjálfstæði og sjálfsöryggi í leik og starfi.
- Að börnin fengu áhuga á skapandi starfi t.d. tónlist og listasmíðju.
- Að börnin gætu setið og hlustað á sögu, hlustað á hvert annað og kennarann og verið virkir þátttakendur í samverustund
- Að börnin gætu setið við matarborðið og matað sig sjálf, að þau geti notast við gaffal og kynnast hnífnum. Drekkja úr venjulegu glasi en ekki stútkönnu.
- Að börnin öðluðust leikfærni í stórum og litlum hópum, væru tillitsöm hvert við annað og væru fær um að finna sér leikefni sem þau vildu notast við hverju sinni.
- Að hafa allan efnivið í þeirra hæð og þau gætu náð í það sem þeim langaði þá og þegar.
- Að börnin lærðu að ganga frá eftir sig sjálf

Úrbætur frá vetrinum á undan tókust vel og unnum við með þær að leiðarljósi. Deildin þarf að vinna betur að því að minnka álagið við að koma inn úr útiveru og skipuleggja það betur og er því sett aftur inn sem umbótaþáttur fyrir komandi ár. Við erum alltaf að skoða og endurhugsa leikföngin sem við erum með inn á deild og leggjum við mikla áherslu á að leikföng séu skapandi og efla þau í hugsun og samskiptum, svo að sá umbótaþáttur frá því í fyrra hefur gengið vel.

umbótaáætlun Dropadeildar fyrir 2019 – 2020:

Umbóta- þáttur	Markmið með umbótun	Aðgerð til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat: Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Álag í fataklefa	Minnka álag fyrir börn og starfsfólk í fataklefa	Að vera með skýrar reglur um að hver starfsmaður taki ekki fleiri en 5 börn með sér í fataklefann hvort sem við erum að koma inn eða	Haut 2019 – vor 2020	Deildarstjóri ber að mestu ábyrgðina en allt starfsfólkið þarf að vinna saman og minna hvert annað á .	Endurmat mun vera á deildar- fundum yfir veturinn	Að börnin fá sinn tíma og gæðastund í fata- klefanum án stress og álags sem myndast oft þar.

		fara út. Svo kemur næsti starfsmaður með sinn hóp.				
<b>Aukin ábyrgð og frumkvæði starfsmanna á deild</b>	Að allt starfsfólk beri ábyrgð og sýni frumkvæði	Deildarstjóri deilir verkefnum strax í upphafi annar og starfsmenn sé meðvitað um að sýna frumkvæði í starfi á deild.	Haust 2019 - 2020	Deildarstjóri	Endurmat mun vera á deildarfundum yfir veturinn	Allir upplifi sig jafna á deildinni og fái tækifæri til frumkvæðis og ábyrgðar og nýta hæfileika sína í starfi
<b>Skipulagt starf</b>	Að börnin fái að upplifa allt sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. að við styrkjum þau í því sem þau eru sterk í og eflum sjálfsöryggið í því sem þau eru ekki eins sterk í. Að allir fái jafnt tækifæri til þess að blómstra í leik og starfi	Að vera með tilbúið plan í upphafi annar sem er unnið af starfsfólki deildar og passa að þau séu ekki of erfið fyrir bæði börn og starfsfólk	Haust 2019 - 2020	Deildarstjóri	Endurmat mun vera á deildarfundum yfir veturinn	Náðst hefur að fylgja skipulögðu plani fyrir veturinn



### 3 Innra mat Mánadeildar, næstyngsta deild Græ nuborgar

Mjög margt í starfinu gekk vel undanfarið skólaár og tilefni er til þess að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf við margskonar aðstæður og eftir lærdómsríkt ár búum við að reynslu og þekkingu sem að mun nýtast okkur í starfi. Þegar á heildina er litið má segja að starfsárið hafi verið mjög gott. Það sést best á ánægðum barnahóp og ánægðum foreldrum og starfsmönnum. En það vakna líka spurningar um það hvað mætti gera betur eða öðruvísi. Við viljum gera meira og næsta vetur langar okkur til að byggja ofan á reynslu þessa skólaárs með því að vinna markvisst starf með skráningar, læsistefnu, skipulagt hópastarf og samverustundir sem hafa fyrirfram ákveðin markmið. Við ætlum ekki að gera þetta allt í einu heldur ætlum við að skoða hvað við gerðum vel í vetur hverju við höldum áfram og skoða hvar og hvernig finnum við tíma og mannskap til þess að sinna t.d. skráningu, skipulagi starfs og útfærslu á því. Umbótaþættir frá síðasta ári voru ýmsir, en unnið var að því að bæta einbeitingu og hlustun í samverustund. Það var endurmetið í maí 2019 af starfsfólki Mánadeildar á deildarfundi. Þessu markmiði var fylgt eftir og góður árangur náðist. Mikill munur er á einbeitingu og hlustun í tvískiptum samverustundum og munum við halda áfram að vinna að þessu markmiði.

Við unnum að því að minnka álag í fataklefanum fyrir útiveru. Endurmat var gert í maí af starfsfólki Mánadeildar. Hefur þetta gengið nokkuð vel í vetur en þó enn hægt að bæta. Starfsfólk er sammála um að halda þessu markmiði áfram með því að skipta barnahópnum í þrennt og fer fyrsti starfsmaður út þegar 5 börn eru klædd og tilbúin fyrir útiveru. Þetta hefur gengið vel en með nýju starfsfólki á deildinni hefur gleymst að halda þessu markmiði gangandi.

Við vildum líka breyta kaffitímum starfsmanna og sjá hvort að það kæmi betur út fyrir starf deildarinnar, taka tvær lengri pásur í stað þriggja. Þetta gekk vel og er þetta fyrirkomulag notað í dag og munum við halda því áfram. Kaffitímum var hagrætt. Í stað þess að taka þrjár pásur yfir daginn 10 mín, 15 mín og 10 mín tókum við tvær pásur 15 mín fyrir hádegi og svo 20 mín seinnipartinn. Almenn ánægja starfsfólks er með þetta fyrirkomulag. Endurmat var gert í maí 2019 af starfsfólki Mánadeildar.

Við einbeittum okkur að því að dreifa verkefnum og ábyrgð á allt starfsfólk, strax í upphafi skólaárs. Þetta gekk vel og féll ábyrgð jafnar á alla starfsmenn.

Í fyrra kom í ljós að upplýsingaflæði væri ábótavant, því settum við okkur það markmið að sjá til þess að öflugt upplýsingaflæði væri til starfsfólks og foreldra. Upplýsingaflæði hefur batnað og foreldrar fá reglulega póst um starfið.

Skipulag í flokkun skráningar var ekki nægilegt því var ákveðið að byrja með möppu fyrir hvert barn í tölvu fyrir persónuskráningu. Þúnar hafa verið til möppur með myndum af börnunum og í lok árs verður bætt við þeim skráningum sem hafa verið gerðar.

Hafa skipulagt starf í fastari skorðum og halda okkur við skipulagið en um leið að passa að hafa það í samræmi við tíma og getu barna og starfsfólks svo að það detti ekki oft upp fyrir vegna þess að það er of erfitt að sinna því.

Það er ekki alveg hægt að skipuleggja allt starfið fyrir en við sjáum hvernig barnahópurinn verður í haust og áttum okkur á hversu umfangsmikil vinna verður við að halda börnum öruggum og ánægðum, en hér eru nokkrar hugmyndir sem við ætlum að hafa til hliðsjónar þegar við skipuleggjum næsta skólaár:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Mánadeild</b>						
<b>Stuðla að málörvun og bæta málskilning barna sem búa við fleiri en eitt tungumál.</b>	Örva málþroska, auka orðaforða og samskipti.	Vinna með Gefðu 10.	haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri og deildar- starfsfólk	Á deildar- fundum verður farið yfir hvernig gengur og hvort aukin árangur hafi náðst.	Sýnilegur árangur hjá börnum sem hefur verið unnið með.
<b>Gæta þess að börnin fái næði til að sinna verkefnum sínnum hverju sinni.</b>	Vinna í minni hópum.	Skipta barna- hópnum í tvo til þrjá hópa og nýta sameiginleg rými hússins betur.	haust 2019- júlí 2020	Deildarstjóri og deildar- starfsfólk	Á deildar- fundum verður farið yfir hvernig gengur og hvort aukin árangur hafi náðst.	Bætt samskipti og betri líðan barna.
<b>Styrkja félagsfærni barnanna</b>	Leggja áherslu á að börnin vinni saman, setji sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.	Leggja áherslu á jákvæð samskipti og kenna hugtök eins og: Vinátta, samvinna, kurteisi og	haust 2019- júlí 2020	Deildarstjóri og deildar- starfsfólk	Á deildar- fundum verður þetta rætt reglulega og farið yfir leiðir og aðferðir til að nýta félagsfærni	Hæfni barna til að eiga jákvæð og árangursrík samskipti við umhverfi sitt og hafa grunn- þekkingu á

		hjálpsemi. Einnig kenna þeim að þekkja tilfinningar sínar.			sem mest í starfinu.	eigin tilfinningum.
--	--	---	--	--	-------------------------	------------------------

#### 4 Innra mat Stjórnudeildar, næstelsta deild Græ nuborgar

Einkunnarorð Stjórnudeildar í vetur voru sjálfstæði – jákvæðni – vinátta.

Nýr deildarstjóri tók við Stjórnudeild í ágúst 2018. Þá var skipulagi deildarstarfs breytt mikið og einnig áherslum í starfinu með börnunum. Haustönnin fór svo í að fínþússa skipulag og finna út hvað virkaði og hverju þyrfti að breyta til að betur gengi. Unnið var með markmið og leiðir að þeim allan veturinn og á deildarfundum var farið yfir þau og hvort vel gengi og hvort við værum að vinna eftir þeim.

Í haust voru börnin spurð hvað þau vildu læra í vetur eða hverju þau vildu æfa sig í. Þau komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu á þau vildu læra allt um allskyns dýr. Þannig lögðu þau línuna fyrir starf vetrarins. Það voru lesnar dýrabækur, hlustað á dýrahljóð á meðan myndir voru skoðaðar, farið í dýraleiki, dýr vikunnar var tengt Lubba-hljóðum, listasmiðjuverkefni voru að mestu í tengslum við dýr, raunveruleg og ímynduð og mörg dýralög sungin í söngstundum.

Mikil áhersla var á sjálfsefningu barnanna í öllu starfi með því að hvetja, leiðbeina og aðstoða og fylgja eftir. Börnin fengu skýr fyrirmæli og passað var upp á að hrósa þegar vel gekk og nýrri færni náð. Með þessu öðluðust börnin sjálfstæði og sjálfstraust.

Jákvæð samskipti á deildinni voru mikið rædd, vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum í hávegum höfð.

Unnið var með markmið og leiðir að þeim í öllu starfi deildarinnar.

Mikil áhersla var lögð á að orðræða væri falleg og fagleg og að íslenska væri töluð til að styrkja málþroska barnanna. Lubba stundir héldu áfram og voru bæði gagnlegar og skemmtilegar. Börnin æfðu sig í að ríma og klappa atkvæði og mörg voru með mikinn áhuga á að æfa sig í að skrifa og lesa. Stafrófið og ritmál var haft sýnilegt á allri deildinni.

Nýjungar í starfi voru helst heimspeki og vísindi sem sló vægast sagt í gegn.

Byrjað var með nýtt verkefni í heimamenningu. Í stað bangsaheimsóknar frá Vini var útbúin mappa þar sem hvert barn setti tvær blaðsíður í. Blaðsíðurnar unnu börnin heima með fjölskyldu sinni, á blaðsíðunum voru myndir og fleira sem lýstu fjölskyldu barnsins.

Börnin fengu að finna að þau höfðu áhrif á starf deildarinnar með því að velja saman og ákveða viðfangsefni, leikföng, bækur og fleira.

Deildinni var breytt útlitslega, ný húsgögn keypt og aðgengi barna að leikefni og öðru gert enn betra.

Á næsta ári verður enn meira lagt í hópastarfið og unnið eftir nýrri menntastefnu borgarinnar. Skólinn ætlar að einbeita sér að félagsfærni og við tókum auðvitað þátt í því.

Við aukum líka áherslu á sjálfbærni með því að efla umhverfisgreind barnanna, endurvinnsla, veðurfræðingar og fleira verður tekið inn í starfið. Það hefur verið á döfinni þennan vetur en ekki gefist færi á að undirbúa það nægilega vel.

Halda þarf áfram að skipta verkefnum milli allra deildarstarfsmanna þannig allir fái ákveðna ábyrgð í starfinu sem ætti að skila sér í aukinni starfsánægju.

Á heildina litið gekk veturinn mjög vel, börnin voru örugg, ánægð og glöð í skólanum. Foreldrar sem komu í foreldraviðtöl voru almennt mjög ánægðir líka og hrósuðu starfsfólki deildarinnar og skólans í heild ítrekað. Hópastarf gekk vel og mörgum markmiðum náð í vetur. Eins og áður segir var farið reglulega yfir markmiðin á deildarfundum og metið hvort unnið væri skipulega að því að ná þeim. Börnin taka í innra mati með því að sitja fundi með kennara og fara yfir veturinn, svokallað demantamat. Það kemur skemmtilega út og börnin stolt að koma svona að starfi skólans. Vinnan við matið er hálfnuð þegar þetta er skrifað. Umbótaáætlun

Stjörnudeildar fyrir komandi skólaár:

Umbóta- þættir Stjörnudeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur

<b>Auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn.</b>	Efla íslensku kunnáttu fjöltyngdra barna	Notum Gefðu 10!	Frá miðjum september - út skólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Skráum niður og förum yfir það sem er unnið að með börnunum á deildarfundum yfir veturinn	Að börnin noti setningar með sífelldum fleiri orðum og tjái sig vel á íslensku
<b>Félagsfærni</b>	Að efla félagsfærni barnanna	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsæmi, kurteisni, þolinmæði og virðing notuð.	Allt skólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildarfundum yfir veturinn.  Demantamat að vori.	Að börnin umgangist alla í kringum sig og af virðingu og vinsemd.
<b>Markmið og leiðir</b>	Að uppfæra markmið deildarinnar með breyttan barnahóp í huga	Förum yfir barnahópinn og þarfir hans og uppfærum markmiðin okkar samkvæmt þeim	Í september og janúar.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Förum yfir barnahópinn á deildarfundum í september.  Aftur í janúar.  Demantamat að vori.	Að starf deildarinnar sé í barnanna hag

<b>Umhverfis-greind</b> <b>Veður-fræðingur og umhverfis-fulltrúar</b>	Að efla umhverfis-greind barnanna	Undirbúum og setjum í gang verkefnið veður-fræðingur vikunnar og umhverfis-fulltrúar vikunnar.  Rætt í samverum með börnunum.	September til júní	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Förum yfir verkefnið deildarfundi í janúar með að fara yfir skráningar og ræðum hvernig gengur. Aftur í lok skólaárs.  Demantamat að vori.	Að börnin séu meðvituð veðurfar og viðeigandi klæðnað. Að börnin viti hvað endurvinnsla, náttúrvernd og endurnýting er.
<b>Verka-skipting á deild</b>	Að gæta þess að verkaskipting innan deildar sé jöfn og sanngjörn. Að allir starfsmenn hafi tækifæri til að sýna frumkvæði í starfi og nýta styrkleika sína og kunnáttu	Förum yfir mánaðar, viku og dagskipulag deildar og hugum að því sem má betur fara. Skiptum verkum, samverum og hópstarfi á milli starfsfólks.	Ágúst og september, allt árið.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Förum yfir verka-skiptingu og skipulag á deildarfundi í byrjun október, febrúar og maí.	Að allir fái notið sín í starfi og beri jafna ábyrgð.

## 5 Innra mat Sólskinsdeildar, elsta deild Grænuborgar

Við á Sólskindeild höfum lagt áherslu á *leikurinn* í gegnum Fjölgreindir Howard Gardners, líkt og árinu áður, dýpkaði okkur (bæði börn og starfsfólk) í fræðunum og gera greindirnar sýnilegri. Börnin nutu sín í leik og sköpun inni á deildinni. Öll börn afmælisskráningu í ferilmöppuna sína og einnig eru eldri börnin með skráningu þegar þau skrifa nafnið sitt þar sem sést m.a. grip.

Listasmiðja á mánudögum, hreyfing í sal á þriðjudögum og tónlist í Skoti á fimmtudögum. Skipulag um það hver sæi um hvað hvenær fór vel af stað en þurfti svo að endurskoða það snemma á haustönninni. Samið aðili sá um listasmiðjuna allan veturinn, en hreyfing í sal og tónlist rúllaði á milli starfsmanna.

Deildarstjóri sá um „Elstu barna verkefni“. Á dagskipulagi voru þau einu sinni í viku þennan veturinn auk þess sem að þau voru fléttuð þau inn í starfið.

Samverustundir voru þrjár yfir daginn, fyrir hádegismatinn (um kl. 11:40), öll börnin saman í Hreiðri. Börnin lásu/skoðuðu þá sjálf bækur og spjölluðu saman, eða að kennari var með eitthvað innlegg í formi leikja, meðan að þjónn dagsins lagði á borð ásamt kennara. Deildarstjóri sá yfirleitt um þessa stund. Eftir hádegismatinn (um kl. 12:40), lesstund. Bækur lesnar. Börnum skipt í tvo hópa. Las deildarstjóri fyrir hóp í Skoti, annar starfsmaður las fyrir hóp í Hreiðri á meðan að þurrkað var af borðum og sópað eftir matinn. Eftir nónhressingu (um kl.14:50), söngstund. Öll börnin saman í Hreiðri. Sungið var meðan að tekið var saman eftir hressingu, borðin þrifu og gólfíð sópað. Dýrmætt að hafa starfsmenn sem kunna spila á hljóðfæri og hafa gaman af söng og stórum textum. Eftir söngstund valdi hvert barn hvað það vildi starfa þar til farið var heim.

Hvað gekk vel á skólaárinu - hvað mátti betur fara - endurmat fyrir næsta vetur

- Vettvangsferðir barna og kennara á Sólskinsdeild hafa aldrei verið jafn fáar. Að hluta til held ég að það stafi af öllum þeim fjölda hlutastarfsmanna sem koma að deildinni.
- VERÐUM AÐ VERA DUGLEGRI MUNA eftir samstarfsverkefni Slökkviliðsins og leikskólans „Logi og Glóð“ Verkefnið felst í því að mánaðarlega fara tvö til þrjú börn í senn úr elsta hópnum, með kennara, í eftirlit um leikskólann til að kanna hvort að eldvarnir séu í lagi. Þau fara í sér vesti og ganga um leikskólann og kanna viss atriði eins og til dæmis hvort neyðarljós eru í lagi, hvort flóttaleiðir séu greiðfærar og fleira. OG MUNA EFTIR SKRÁNINGU. Gefa þarf tíma til að taka Hljóm2 að hausti. Dróst fram eftir öllum vetri aftur.
- Foreldraviðtöl að hausti var aftur komið á. Betri tenging myndaðist við foreldra barna sem komu af öðrum deildum í þessu fyrsta viðtali.
- Orð vikunnar, hefði átt að skipta út vikulega en oft fékk það að hanga út mánuðinn. Þarna er ætlunin að gera betur og tengja orðin bókinni um Lubba. Vorum duglegri með orðin, en enn ekki farin að nota Lubba.
- Ætlunin var að nota Lubba bók, disk og spil. Leggja inn nýtt hljóð vikulega. Það var ekki gert. Nú hefur deildarstjóri Stjörnudeildar verið duglegur að leggja inn hljóðin í Lubba, því þyrfti bara upprifjun á þeim og hægt væri að fara í kassana þar sem setja á saman hljóð.
- Vísindi – erum að gera fullt inni á Sólskinsdeild sem hægt er að setja undir vísindi, þónokkuð um tilraunir þetta árið. En yfirleitt í höndum kennara og börnin áhorfendur. Næsta skólaár ætlum við að vera duglegri að börnin sjálf geri tilraunir og kennarinn áhorfandinn.
- Heimsóknir á Vitatorg, til eldri borgara, voru aðeins tvær að þessu sinni, svo aðeins helmingur barnanna náði að fara. Eins fóru aðeins 2/3 barnanna í þessar ferðir á síðasta skólaári.
- Innra mat deildar. Deildarstjóri Stjörnudeildar, sá um að gera mat á starfi deildarinnar með hjálp barnanna líkt og árinu áður. Svokallað demantamat. Dýrmætt að hafa sýn barnanna á starfið.
- Samvinnuverkefni milli 1.bekkar Austurbæjarskóla og elstu barnanna í Græ nuborg. Virtist fara vel af stað í haust, Krummaverkefnið gekk vel. Austurbæjarskóli hafði ekki tók á að bjóða okkur heimsókn í desember og ekki komu þau í heimsókn til okkar eftir áramótin. Komu samt óvænt og sungu fyrir okkur eitt lag á Öskudaginn. Einnig fóru börnin í hina árlegu heimsókn í 1.bekk núna í maí.

Deildarstjóri og leikskólakennaranemi sem er jafnframt starfsmaður Sólskinsdeildar ásamt kennurum fyrsta bekkjar Austurbæjarskóla taka þátt í „Faraheill“, starfendarannsókn Friðborgar Jónsdóttur, doktorsnema við Háskóla Íslands. Fjallar rannsóknin um flutning barna af erlendum uppruna milli leik

og grunnskóla. Spannandi að sjá hvert þetta samstarf leiðir okkur. En eitt hefur það þegar gefið okkur, það er meiri samskipti við kennara fyrsta bekkjar Austurbæjarskóla

Nú er bara að sjá hvað næsta haust ber í skauti sér. Verða sömu starfsmennirnir áfram eða verður öllu stokkað upp? En eins og alltaf munum við á Sólskinsdeild gera okkar besta.

## 6 Ytra mat

Gerðar voru tvær viðhorfskannanir af Reykjavíkurborg. Annarveggar á meðal starfsmanna og hinsvegar á meðal foreldra.

Viðhorfskönnunin á meðal starfsmanna var gerð í febrúar 2019. Vert er að taka fram að niðurstöður eru ekki áreiðanlegar því að svo virðist sem hver og einn hafi getað svarað könnuninni eins oft og viðkomandi kaus, en samkvæmt niðurstöðum var svarhlutfall 111%, kannski hefur einhverjir tveir svarað könnuninni tvisvar og allir aðrir starfsmenn skólans svarað einu sinni, nú eða einhver hefur svarað oft en einu sinni og ekki allir starfsmenn skólans svarað, eða einhver önnur svona samsetning sem gerir það að verkun að svarhlutfallið var meira en 100%. Ein skýring gæti verið að það voru fleiri starfsmenn að starfa í skólanum þegar könnunin fór fram, fleiri en þeir sem lögðu könnunin fyrir gerður ráð fyrir.

Helstu niðurstöður voru mjög góðar, þó ekki jafn góðar og í fyrra þegar sama könnun var lögð fyrir, búið er að taka umræðu á starfsmanna- og deildastjórafundum um niðurstöðurnar, rýna þær og meta, ýmsar skýringar hafa komið fram sem unnið verður með á komandi ári, en þær verða ekki tíundaðar hér. Meðalskor allra þátta var 4,23 en var 4,43 í fyrra (hæsta mælitölu er 5) kannaðir voru eftirtaldir 18 þættir (mælitölur 2018):


- Frumkvæði 4,25 (4,70)
- Fræðsla og þjálfun 4,14 (4,15)
- Hæfilegt vinnuálag 3,66 (3,85)
- Ímynd 4,53 (4,75)
- Jafnrétti og jafnræði 4,70 (4,85)
- Markmið og árangur 4,49 (4,73)
- Metnaður 4,32 (4,87)
- Móttaka nýliða 4,14 (4,25)
- Starfsandi 4,20 (4,40)
- Starfsánægja 4,33 (4,70)
- Starfsmannastöðuleiki 3,20 (3,44)
- Starfsöryggi 4,13 (4,70)
- Stjórnun 4,48 (4,40)
- Sveigjanleiki í starfi 4,25 (4,35)
- Tilgangur 4,43 (4,73)



- Upplýsingaflæði 4,23 (4,30)
- Viðurkenning 4,45 (4,43)
- Vinnuaðstaða 4,18 (4,15)

#### Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



Viðhorfskönnun á meðal forráðamanna barnanna var gerð vor 2019 og þátttaka foreldra í Grænuborg var 70%. Ýmsir þættir voru kannaðir, en yfirþættir voru eftirfarandi (5 er hæsta gildið (innan sviga er heildarniðurstaða í Reykjavík)):

- Heildaránægja með leikskólann 4.81 (4,54)
- Barninu líður vel í leikskólanum 4,83 (4,60)
- Tel barnið mitt vera öruggt 4,80 (4,58)
- Vingjarnlegt andrúmsloft 4,80 (4,56)
- Skólanum er vel stjórnað 4,75 (4,38)

Umbótaþættir út frá ytra mati fyrir skólaárið 2019 – 2020:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; og hvernig	Viðmið um árangur
Ytra mat						
<b>Upplýsa betur útávið það sem verið er að vinna með í skólanum</b>	Samkvæmt ytra mati virðast forráðamenn ekki alltaf vera upplýstir um hvað er verið að vinna með í skólanum	T.d. með því að setja orð á alla hluti sem verið er að vinna með, t.d. sjálfstæði	Hefst haust 2019 og mun standa allt skólaárið	Stjórnenda- teymi skólans ásamt öllu starfsfólki	Viðhorfs- könnun foreldra að vori	Að foreldrar séu betur upplýstir um hvað er verið að vinna með

<b>Frumkvæði og sjálfstæðar ákvarðanir allra starfsmanna skólans</b>	Samkvæmt ytra mati má sjá að starfsfólk skólans er ekki hvatt nægilega til að sýna frumkvæði og að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi. Lækkar á milli ára úr 4,70 í 4,25	Skólinn vill að allir taka sjálfstæðar ákvarðanir og sýni frumkvæmi í starfi, en svo virðist sem þau skilaboð séu ekki nægilega skýr, gera þarf þær skýrari og átta okkur því hvað veldur því. Að ræða á fundum með öllu starfsfólki	Verður tekið fyrir á haustfundum í og deildarfundum	Stjórnendateymi skólans ásamt öllu starfsfólki	Umræðumat og ef til vill könnun	Að allir hafi þá tilfinningu að þeim beri, og hafi leyfi, til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í stafi og sýni frumkvæði og fáí hvatningu til þess.
<b>Metnaður</b>	Samkvæmt ytra mati virðist metnaður í starfi hafa minnkað, það þarf að laga, starfsfólk er minna tilbúið að leggja mikið á sig í vinnunni ef þörf krefur, það er minna tilbúið að takast á við breyttar vinnu-aðstæður og minna tilbúið til að takast á við áskoranir í vinnunni	Það verður að toga metnaðinn upp aftur og finna út hvað veldur þessari breytingu á milli ára, það verður gert í umræðu á starfsmannafundum.	Haust og vor	Stjórnendur og allt starfsfólk skólans	Verður vonandi aftur lagt fyrir í starfsmanna könnun á vegum borgarinnar	Að fólk átti sig á því hvað metnaður í starfi er mikilvægur og metnaður allra verði mjög hár

	(fer úr 4,87 í 4,32)					
--	----------------------	--	--	--	--	--

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og eru þeir sem starfað hafa í sex mánuði eða meira í skólanum boðin tími í samtal. Skólaárið 2018 - 2019 fóru þau fram í janúar og febrúar, þau voru í höndum leikskólastjóra. Það náðist að klára 88% þeirra. Ennþá eru 12% eftir. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á samtölum á skólaárinu 2019 – 2020.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á skólaárinu, þar má helst nefna:

<i>B.ed. nám við Háskóla Íslands</i>	<i>Einn starfsmaður</i>
<i>Enhancing transition practices in early childhood education Námskeið um tengsl skólastiga, Erasmusverkefni, menntavísindasvið</i>	<i>Einn deildarstjóri og einn starfsmaður</i>
<i>Forystunám fyrir stjórnendur Reykjavíkurborgar</i>	<i>Leikskólastjóri</i>
<i>Hagnýt ráð hvað varðar málörvun, haldið af Ásthildi Snorradóttir og Sara Tosti</i>	<i>Sérkennslustjóri</i>
<i>Kennum nýja færni, haldið af Athugunar og greiningarstöð ríkisins</i>	<i>Einn deildarstjóri</i>
<i>Leiðtogaskóli fyrir deildarstjóra haldið af Skóla- og frístundasviði</i>	<i>Þrjú deildarstjórar</i>
<i>Námsferð til Brighton</i>	<i>Allt starfsfólk skólans</i>
<i>Námskeið um innra mat, haldið af Skóla- og frístundasviði</i>	<i>Leiksólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>
<i>Námskeiðsdagur leikskólastjóra haldið af Skóla- og frístundasviði</i>	<i>Leikskólastjóri</i>
<i>Ráðstefna – sá sem er glaður er góður, haldið af Skóla- og frístundasviði</i>	<i>Allt starfsfólk skólans</i>

<i>Ráðstefna um fæði hugarástand í leik og starfi, haldið af leikskólanum Rauðhól</i>	<i>Aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri</i>
<i>Ráðstefnan framtíðin er núna, snemmtæk íhlutun barna með þroskafrávik, haldið af GRR</i>	<i>Sérkennslustjóri</i>
<i>Sérfræðingskápan námskeið gengur út á það að börn læra í hlutverki sérfræðinga á vettvangi um leið og þau hafa gaman af. Haldið af Rannung</i>	<i>Einn deildarstjóri</i>
<i>Snemmtæk íhlutun, haldið af Endurmennt</i>	<i>Einn deildarstjóri</i>
<i>Stjórnendadagur stjórnenda Reykjavíkur</i>	<i>Leikskólastjóri</i>
<i>Videomodeling, haldið af Þórhöllu Guðmundsdóttir sérkennsluráðgjafa</i>	<i>Sérkennslustjóri</i>
<i>Ýmis styttri námskeið t.d. um Völuna, um nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar o.fl.</i>	<i>Ýmsir starfsmenn skólans</i>

Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun að svo stöddu um allt fræðsluefni fyrir komandi skólaár. En kominn er tími fyrir skyndihjálparnámskeið og munum við snúa okkur til Vinnuverndar vegna þess. Við höfum áhuga á að fá erindi um einelti og munum við leita til SFS vegna þess. Auk þess munum við leita eftir námskeiðum sem snúa um félagsfærni og sjálfsefningu barna. Við munum halda áfram að skoða upplýsingatækni og margmiðlun. Tveir starfsmenn munu halda áfram í Erasmusverkefninu með Menntavísindasviði. Auk þess sem allt starfsfólk skólans er hvatt til að skoða vel hvaða námskeið eru í boði sem nýtast til að dýpka sig í starfi og í flestum tilfellum er svigrúm til þess að þeir sem sýna áhuga á námskeiði eða ráðstefnu fái tíma til þess.

## **8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Grænaborg hefur verið í samstarfi við Austurbæjarskóla og leikskólann Miðborg. Samstarfið er á milli elstu barna leikskólanna og 1. bekk grunnskólans. Verkefnið hefur staðið yfir frá september til júní. Þessi hópur byrjaði á því að hittast í september í styttingarþingi Einars Jónssonar til að leika saman og að kynna. Síðan unnu þau saman að verkefni um krumma og höfðu uppskeruhátíð vegna þess í nóvember. Síðan hafa þau farið í heimsóknir á milli skólanna í ýmsu formi. Auk þess hafa elstu börnin

farið í heimsókn í frístundaheimilið í Austurbæjarskóla. Þetta samstarf á yfirstandi skólaári og fyrri ár, hefur reynst vel og fært skólana nær hver öðrum og er í raun nauðsynlegt fyrir bæði skólastigin.

Gert er ráð fyrir samskonar samvinnu á komandi skólaári.

Auk þess eru tveir starfsmenn af elstu deild Græ nuborgar og kennarar 1. bekkjar í Austurbæjarskóla að taka þátt í doktorsverkefni Friðbjargar Jónsdóttir við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Fararheill, jákvæður flutningur barna með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn úr leikskóla í grunnskóla. Þessi þátttaka felur í sér marga fundi þessara aðila og gerir það alla samvinnu meiri og auðveldari.

## 9 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna í Græ nuborg er mjög mikilvæg og viljum við vera í miklu og nánú samstarfi við forráðamenn barnanna. Hún fer að mestu leiti fram þegar komið er með og barn sótt í skólann, en auk í gegnum tölvupóst og í gegnum síma.

Foreldrar eru boðaðir í að minnst í tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu. Eitt að hausti þar sem fer fram almenn umræða um barnið, líðan þess og þroski, upplýsingar um barn og starfið á deildi þess. Annað að vori þar sem farið er yfir hvernig barninu gengur í leik og starfi í skólanum. Það eru deildastjórar hvernar deildar sem sjá um þessi viðtöl. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á komandi skólaári.

Á haustin eru skipulaðir foreldrafundir til að kynna deild barnanna og fyrirhugað starf þar. Þessir fundir hafa verið í kringum miðjan september. Mæting foreldra á seinustu foreldrafundi var 66% (46 – 78%). Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulag á komandi skólaári.

Við skólann er starfandi foreldráð, samkvæmt lögum og foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins innheimtir kr. 6000 á ári í gjöld. Stjórn foreldrafélagsins fundar um það bil einu sinni í mánuði, þau halda aðalfund að hausti. Þau eru með formann, gjaldkera og ritara auk um það bil 5 annarra stjórnarmanna. Þau skipuleggja ýmsa viðburði til hliðar við skólastarfið, þar sem öll börn og foreldrar hafa tækifæri til að hittast og spjalla. Foreldraráðið fundar eftir þörfum og kemur að starfi skólans t.d. varðandi sumarlokanir og yfirlstur á námskrá og starfsáætlun.

## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Eftirtalda daga er lokað í Græ nuborg vegna samstarfsdaga:

20. september, heill dagur

6. nóvember, heill dagur

10. janúar, hálfur dagur eftir hádegi

7. febrúar, heill dagur

20 mars, heill dagur

14. apríl, heill dagur

29. maí, hálfur dagur eftir hádegi

## **11 Fylgigögn**

Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráð

Fyrir hönd Grænuborgar  
Gerður Sif Hauksdóttir  
Leikskólastjóri  
júl 2019

---

## Fylgiskjal 1 samantekt á sérkennslu og stuðning

### Framkvæmd sérkennslunnar skólaárið 2018-2019

Þjónusta við börn með sérþarfir er veitt samkvæmt *Lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, Barnalögum nr. 76/2003 og Barnaverndarlögum nr. 80/2002*. Við endurskoðun sérkennslustefnunnar var einnig stuðst við *Salamanca yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Aðalnámskrá leikskóla*. Auk þess var stuðst við hugmyndafræði *leikskóla án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar*. Starfshópurinn telur að áherslur ofangreindra stefnuyfirlýsinga samrýmist vel áherslum starfshópsins um faglegt og árangursríkt starf í leikskólum Reykjavíkur.

Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og börn sem ætla má að vinni bug á erfiðleikum sínum eftir íhlutun. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánú samstarfi við foreldra. Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir sérkennslu sé mætt innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins. (*Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkur*).

### Leiðir í sérkennslu

Ýmsar leiðir voru farnar og fer það eftir þörfum barnsins hvaða leiðir urðu fyrir valinu.

- 4 börn hafa fengið stuðning í málörvun í skólanum sem sérkennslustjóri sinnir með því að taka börnin út af deildinni 2x í viku. Þessi börn hafa öll sína eigin einstaklingsáætlun sem er endurmetin á 8-10 vikna fresti.
- 2 börn voru með skilgreindan stuðning í Græ nuborg og voru þau bæði í 2. flokk.
- 2 börn eru í atferlisþjálfun og er þar unnið eftir einstaklingsáætlun sem er endurmetin á 6-8 vikna fresti. Börnin fengu fjármagn sem nýtt var í stuðning á deild og í einstaklingsstundir þar sem unnið var eftir einstaklingsáætlun sem endurmetin var á 6-8 vikna fresti í samráði við foreldra og sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð vesturbæjar, miðbæjar og hlíða.

Lagt var upp með því að innleiða TRAS á yngstu deildinni og vinna sig svo upp deildirnar en vegna þess að þekkingin fór með fyrrum starfsmanni og þeir sem tóku við hafa ekki þá grunnmenntun til þess að fara á námskeið hefur þetta matstæki verið lagt til hliðar í bili. Við lögðum upp með að leggja EFI-2 fyrir öll börn sem hafa aldur fyrir þann skimunarlista og hefur það gengið eftir. EFI-2 gefur okkur góðar

vísbendingar um málskilning og tjáningarfærni barna. Hljóm2 er einnig lagt einu sinni fyrir öll elstu börn skólans og aftur ef þurfa þykir.

### Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrár voru gerðar af sérkennslustjóra, sérkennara. Einnig komu talmeinafræðingur að áætlunargerð hjá 3 börnum. Foreldrar hafa alltaf umsagnarétt þegar kemur að einstaklingsáætlunum. Einstaklingsáætlun er lögð fyrir foreldra og þau koma með athugasemdir sem tekið er tillit til og breytt ef þurfa þykir. Það sem haft var til hliðsjónar við gerð áætlunar eru niðurstöður greiningar og matslistar. Námskrárnar eru kynntar fyrir foreldrum og sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða á teymisfundum sem haldnir eru á 6-8 vikna fresti.

### Samstarf við sérfræðinga Leikskóladeildar

Við áttum gott samstarf við sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Við vorum með aðgang að einum ráðgjafa sem komu að málum hjá okkur. Við áttum gott samstarf með honum og ekkert út á það að setja. Við höfum einnig átt gott samstarf við stoðþjónustuna og ekkert út á hana að setja. Ráðgjöf frá þjónustumiðstöð hefur reynst okkur mjög vel.

### Samstarf við aðra sérfræðinga

Við höfum átt mjög gott samstarf með talmeinafræðingum frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Þaðan höfum við fengið góða leiðsögn sem skiptir sköpum í þjálfun barna með málþroska- og framburðarvanda.

### Tölfræðilegar upplýsingar

Fjöldi barna með stuðning	2
Fjöldi barna í 1 flokk	0
Fjöldi barna í 2 flokk	2
Fjöldi barna með fjármagn	2
Fjöldi tvítyngdra stúlkna	10
Fjöldi tvítyngdra drengja	15
Einhverfa	2



ADHD	0
Greindur málþroskavandi	4
Slakur félagsþroski	2
Fjölpættur þroskavandi	2
Fjöldi barna af Sólskinsdeild	1
Fjöldi barna af Stjörnudeild	1
Fjöldi barna af Mánadeild	2
Fjöldi barna af Dropadeild	1
Fjöldi barna fædd 2013	0
Fjöldi barna fædd 2014	2
Fjöldi barna fædd 2015	2
Fjöldi barna fædd 2016	2
Fjöldi barna fædd 2017	0
Fjöldi beiðna á sálfræðing hjá þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða.	3
Fjöldi beiðna á Hegðunarráðgjafa þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða.	0
Fjöldi beiðna á Talmeinafræðing hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborg og Hlíða	7
Fjöldi umsókna um sérkennslutíma til Elísabetar Helgu Pálmadóttur hjá SFS	2

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
------------	-------------------	---

Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	4	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	NEI	Sett verður upp áætlun fyrir haustið 2019 og innleidd veturinn 2019-2020 og svo metið að vori.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	NEI	Unnið er í anda snemmtækrar íhlutunar en ekki til áætlun. Gert er ráð fyrir að hún verði tilbúin haust 2019 og innleidd veturinn '19-'20 og svo metið að vori.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	JÁ	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	JÁ	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	JÁ	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	JÁ	

Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	JÁ	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	JÁ	Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, Proska- og hegðunarstöð, Heyrnar og talmeinstöð, Talþjálfun Reykjavíkur.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	JÁ	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	JÁ	

### Starfssvið sérkennslustjóra

Starfshlutfall sérkennslustjóra er 75%. Í þessari prósentu er ekki bara utanumhald sérkennslu heldur sinni ég einnig sérkennsla fjögurra barna. Starfinu er skipt niður þannig að eftir hádegi fer fram þjálfun barna og skýrsluvinna en fyrir hádegi fer í verkefni, aðstoðarleikskólastjóra. Fundir tengdu hverju barni eru á 6-8 vikna fresti og fer það eftir hverju tilfelli fyrir sig.

Sérkennslustjóri sótti námskeið og ráðstefnur á skólaárinu sem eru eftirfarandi:

- Hagnýt ráð hvað varðar málörvun og læsi – 21.september 2018
- Videomodeling – 22. mars 2019
- Framtíðin er núna, snemmtæk íhlutun barna með þroskafrávik GRR – 9. - 10. maí 2019

### Lokaorð

Gagnsemi sérkennslunnar var mikil. Öll börn sem fengu sérkennslu sýndu framfarir. Börnin náðu flest þeim markmiðum sem sett voru og ef þau náðust ekki þá voru ný markmið sett í staðin sem enn er verið að vinna að og mun halda áfram á meðan barnið hefur þann stuðning sem það hefur fengið úthlutað. Ef ekki væri fyrir þennan stuðning sem börnin hafa þá væri árangurinn ekki eins mikill. Með markvissum stuðningi og innlögn er hægt að ná miklu meiri og markvissari árangri en án hans. Fyrir suma einstaklinga eru aðstæður á deild ekki kjöraðstæður til náms þar sem þar er of mikið af börnum í of litlu rými sem skapar mikinn hávaða og áreiti. Í of miklum hávaða og áreiti virðist það reynast þeim erfiðara að ná tókum á t.d. tungumálinu.

Þátttaka starfsmanna hefur aukist og eru starfsmenn ekki eins hikandi við að sinna eða grípa inn í mál tengd börnum sem þurfa stuðning eða leiðsögn. Deildin er orðin meiri þátttakandi í þjálfun

sérkennslubarna og eru þau áhugasöm og tilbúin að vera þátttakendur í þjálfun þeirra sérkennslubarnanna sem er mikil framför frá síðari árum.

Ég er ánægð með hversu miklum árangri sérkennslan er að skila og hvað sérkennslufólkið er að sinna sínum málum vel.

### iðurstöður innra mats

Almennt gekk sérkennsla í skólanum vel, þó svo að við sjáum það að setja fjármagn á barn í stað tíma sé ekki góð aðferð, til þess að hafa faglærðan aðila í starfinu þá fær sérkennslubarnið færri tíma í sérkennslu en ef það er með ófaglærðan aðila sem stuðning. Okkur finnst þetta ekki rétt þróun.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Sérkennsla</b>						
<b>Samráðs- fundi sérkennslu- teymis skólans, ef fleiri en þrír eru í teyminu</b>	Samráðs- fundir reglulega yfir skólaárið til að ná að setjast niður og ræða sérkennsluna í hópi með þeim sem sinna henni	Setjum niður fundarplan fyrir árið	Haut 2019	Sérkennslu- stjóri	Umræðumat og könnun á meðal stuðnings- aðila	Aukið samstaf og samráð
<b>Áætlun um málörvun</b>	Gerð er krafa um að áætlun um málörvun sé í skólanum. Tilgangur er að afmarka betur ef um málörvun sérstakra barna er að ræða. Einföld skýr skref sem auðvelt er að	Útbúa áætlunina og innleiða	Vor 2019 – Vor 2020	Sérkennslu- stjóri	Vor 2020 með ígrundun sérkennslustj óra	Að skólinn sé kominn með áætlun sem unnið er markvisst eftir.

	tileinka sér og vinna eftir					
<b>Áætlun um snemmtæka íhlutn</b>	Gerð er krafa um að slík áætlun sé til. Auðveldar inngrip og verklag ef áætlun er til staðar	Útbúa áætlunina og innleiða	Vor 2019 – Vor 2020	Sérkennslu- stjóri	Vor 2020, umræðumat og jafnvel könnun	Að skólinn sé kominn með áætlun sem unnið er markvist eftir.

## Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já og nei	Sumar deildir eru að nota orðaspjall, orð vikunnar o.fl. Við hvetjum alla foreldra að tala móðurmálið sitt við börnin og ýmislegt annað
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Í daglegu starfi á deildum. Í litlum hópum og með stökum börnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Lestur, spil og hvatning t.d. með jákvæðum viðbrögðum. Í litlum hópum og með stökum börnum.
Er fylgst með framförum barnanna?	Nei, ekki á markvissan hátt	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Unnið er með alla þessa þætti í daglegu starfi á deildum með börnum og það kemur fram í læsistefnu skólans hvernig er unnið með flesta þessa þætti. börnin eru allan tímann hvött áfram í að tjá sig, að hlusta, ritmál er sýnilegt. Unnið er t.d. með Lubba í þessu samhengi.

Í læsistefnu Grænuborgar stendur í kaflanum um tvítyngd börn: Tvítyngd börn eru börn sem búa við fleiri en eitt tungumál. Kennarar eru meðvitaðir um að efla tjáningu, skilning og orðaforða barnanna. Foreldrar eru hvattir til þess að tala sitt móðurmál við barnið, það stuðlar að því að máltaka íslenskunnar verður auðveldari. Þegar barnið hefur góðan grunn í eigin móðurmáli er auðveldara að

byggja ofan á þann grunn. Notað er myndrænt dagskipulag til að auðvelda barninu að skilja hvað sé framundan. Ef á þarf að halda eru útbúnir orðalistar og orðabækur. Orðalistar eru útbúnir yfir þau orð sem barnið notar og kann yfir hluti og persónur í umhverfi þess. Orðabækur með myndum og texta á móðurmáli barns og íslensku af helstu hlutum og persónum í þeirra lífi. Orðabókin er aðgengileg fyrir barnið í leikskólanum til þess að skoða og spyrja út í og svo um helgar stendur barninu til boða að fara heim með bókina þar sem það getur skoðað bókina með foreldrum sínum. Í þessum kafla þar sem beðið er um upplýsingar um skipulagt starf með börnum með annan tungumál en íslensku, þá vísuð við í alla læsisstefnu Grænuþorgar.

Þau börn sem þurfa sérúrræði vegna tungumála fá skipulagðar stundir með stuðningsaðilum skólans eða með sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri sér um utanumhald og skipulag á þeim stundum og metur þörfina á sérstuðningi. Hún skipuleggur einstaklingstíma eða hóptíma. Skólinn fær sér fjármagn vegna tvítyngdar barn sem nýttur er í þessa vinnu t.d. með kaupum á búnaði (t.d. spil sem hvetja til tals, öpp í spjaldtölvur, plöst og möppur til að búa til orðaforðabækur).

Í skólanum er lögð áhersla á að setja orða á alla hluti og athafnir, unnið með Lubbi finnur málbein, hugað að öllum þáttum máls í öllu daglegu starfi, deildirnar nota flestar myndrænt dagskipulag, allar deildir vinna með heimamenningu á einhvern hátt með öllum börnum og almennt unnið eftir læsisstefnu skólans.

Samskipti við foreldra tvítyngdra barna er skipulagt á þann hátt sem þykir við hæfi hvers einstaklings. Ekki öll börn sem eru tvítyngd þarfnast sérstakra samskipta, hvorki þau sjálf né foreldrar þeirra. En skólinn hvetur foreldra eindregið til að nota móðurmál barnsins öllum stundum með barninu. Skólinn býður auk þess upp á túlka í viðtölum eftir því sem þarf og foreldrar vilja. Upplýsingum um skólafarfið – auglýsingar og þess háttar er komið til foreldra á tungumáli sem þau skilja, bent er á upplýsingar á heimasíðu skólans á fjölda tungumála.

Leitað er eftir efni til að vinna með tvítyngdum börnum og til að meta hvar börn eru stödd og framfarir þeirra til dæmis hjá SFS, auk þess er Íslenski máhljóðamælinn notaður til að meta hvar þau eru stödd í íslensku.

### **Niðurstöður innra mats**

Fleiri börn voru tvítyngd í ár en fyrri ár, en aðalmunurinn var sá að þó nokkur börn byrjuðu í skólanum sem ekki höfðu lært eða notað íslensku fyrr en þau komu í leikskólann.

Leikskólinn leitaði leiða til að koma til móts við þau börn. Búnir voru til hópar með tveimur til fjórum börnum í og deildarnar áttu að vinna með börnin í hópnum í 10 – 20 mínútur í senn, eftir aldri barnanna. Svo virðist sem þessir hópar hafi ekki komist almennilega af stað og unnið var með börnin á annan hátt á deildum. Sum af tvítýngdu börnunum töluðu jafn mikla íslensku og hitt tungumálið sem þau töluðu og höfðu engin not fyrir sérúrræði, en í hópnum voru börn sem þurftu á því að halda.

Eftir veturinn má sjá miklar framfarir hjá börnunum, t.d. þeim sem ekki töluðu neina íslensku þegar þau byrjuðu í leiksólanum haustið 2018. Þau eru öll farin að getað leikið sér á íslensku í dag, þau hlusta og átta sig vel á fyrirmælum bæði sem eru sögð við þau beint og þau sem sögð eru yfir hópinn, þau geta beðið um hluti og sagt frá.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Annað móðurmál en íslenska</b>						
<b>Halda betur utan um þau börn sem koma inn í skólann og eru með íslensku sem annað mál</b>	Markvissari aðstoð við þau börn sem það þurfa vegna tvítýngni	Metum börnin, setum þau í hópa miðað við stöðu, deildir sjá um að vinna með börnin markvisst í þessum hópum t.d. 10, lestur, spil, myndir, hópar með blönduðum hópum þeim sem eru sterkir í íslensku og þau sem eru það ekki	Hefst haust 2019 og stendur allt árið	Deildarstjóra r viðkomandi deilda, stjórnendur skólans	Notum til að mynda viðmið og vísbendingar sem skólinn ætla að búa til	Að börnin verði sterkari í íslensku
<b>Nýta betur leiðarvísí um stöðu- framfarir- framhald</b>	Sjá betur að hausti hvar tvítýngd	Ná meiri framförum með markvissri	skólaárið	Stjórnenda- teymi skólans	Umræðumat að vori 2020	Markvissara starf og framfarir hjá börnunum



---

<b>sem SFS gaf út</b>	börn standa í íslensku	notkun á efni				
<b>Nota Gefðu 10</b>	Aukin einstaklingsvinna og markviss samtali við barn	Auknar framfarir tvítyngdra barna í íslensku	Skólaárið	Deildastjórar	Umræðumat skólaárið 2019 - 2020	Markvissara starf og framfarir hjá börnunum

### Fylgiskjal 3

## Starfsáætlun 2019 – 2020 Nafn leikskóla

### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Hanna Björk Valsdóttir

Sigríður Birna Valsdóttir

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skól starf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldráð Græ nuborgar hefur farið yfir Starfsáætlun Græ nuborgar 2018 – 2019 og samþykkir hana. Við leikskólann Græ nuborg starfar sérstaklega jákvætt og frjótt starfsfólk sem skapar þeim börnum sem skólann sækja hlýlegt og skemmtilegt umhverfi.

Starfsáætlun leikskólans sýnir vel þann metnað sem stjórnendur skólans hafa. Áberandi er að börnunum líður vel í skólanum og eru ánægð með þau margvíslegu viðfangsefni sem þeim stendur til boða. Einnig eru foreldrar almennt ánægðir og kemur fram í Starfsáætlun að almennt sé mikil þáttaka foreldra á viðburði sem þeim er boðið á í skólanum. Einnig kemur fram að foreldrar hafi verið leiðir yfir því að hætt var að nota instagram á árinu til að miðla leik og starfi barnanna, vegna persónuverndalaga, þótti foreldrum það miður og vonandi finnst ný leið til endurskapa það hlutverk sem instagram hafði.

Við viljum hrósa fyrir öflugt innra mat og hvernig reynt er að vinna úr niðurstöðum og bæta það sem þar kemur fram. Innra mat og umbótaráætlun fyrir hverja deild er vel unnin. Í Starfsáætlun kemur einnig fram að haldið verði áfram að rýna í álag og hvað er hægt að gera til að minnka það. Við fögnum því og einnig þeim tækifærum sem starfsfólk skólans hefur til að stunda símenntun og afla sér

frekari þekkingar, m.a. með þátttöku á ráðstefnu og námsferð til Brighton. Einnig er ánægjulegt að Grænaborg mun vinna að nýrri menntastefnu Reykjavíkur og að styrkur hafi fengist úr þróunarsjóð til að vinna með félagsfærni, með virkni barna og þátttöku þeirra.

Eins og áður er leitast við að hafa efnivið leikskólans fjölbreyttan og tryggja að tækifæri barnanna til að nýta sér hann séu góð. Sérstök áhersla er lögð á tækifæri til að skapa og á hverri deild eru aðstæður til þess á margvíslegan hátt. Með því að leggja áherslu á listform og verknám með þeim efnivið sem er til staðar er börnunum gefið tækifæri til að kynnast mismunandi námsleiðum og miða við hvar áhugi og styrkleiki þeirra liggur.

Niðurstaða okkar er því að starfsáætlun Grænuborgar sé í heild sinni vel útfærð og styður vel við það markmið að bæta gæði starfs á leikskólanum. Við tökum undir að gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, virðing – gleði – vinsemd – umhyggja.

Hanna Björk Valsdóttir

Sigríður Birna Valsdóttir

